

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins

Reykjavík, 25. ágúst 2025

SFS25080259

TILLAGA

Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um breytingar á reglum um strætókort

Lagt er til að fallið verði frá þeirri ákvörðun að útvega ekki lengur þeim grunnskólanemum strætókort sem búa í Ártúnsholtinu og stunda nám í Árbæjarskóla. Um er að ræða töluverða vegalengd í skólann fyrir nemendur sem búa í Ártúnsholtinu. Það samræmist ekki hugmyndafræðinni um 15 mínútna hverfi og því eðlilegt að komið verði til móts við nemendur áfram með því að þeir fái frítt í strætó til og frá skóla. Töluverður kostnaður mun falla á foreldra sem þurfa að kaupa árskort fyrir börn sín í strætó fyrir 56000 kr. á barn.